

Nd.

89. Nefndarátt

um frumvarp til laga um afnám fátækraíundar (þingskjal 26).

Álit meiri hlutans.

Nefndin hefir ekki orðið sammála. Meiri hlutinn álitur, að þessu máli eigi ekki að ráða til lykta á þessu þingi. Við játum reyndar, að frumvarpið hafi við talsverð rök að styðjast, en teljum rangt, að fastar tekjur sveitarsjóðanna sje skertar, álitum miklu fremur þörf á að auka þær. Má búast við, að skattalöggjöf landsins verði allrækilega athuguð á næsta þingi. Koma þá væntanlega fram tillögur um breyting og aukning á föstum tekjum sveitarsjóðanna. Fyr en slík breyting er gerð, getum við ekki fallist á afnám fátækraíundar. Útgjöld sveitarsjóðanna eru altaf að aukast. Ef jafna á niður á gjaldendur hvers hrepps öllu útsvarinu árlega, eykst vandi og ábyrgð á sveitarstjórnnum. Er hætt við, að meiri óánægja og rekstur verði þá út af útsvörunum en nú er. En öll slík óánægja spillir bróðurlegri samvinnu íbúa hvers sveitarfélags um nytsemdarmálin. Þá er það og tryggilegra til frambúðar og meiri menningarvottur, að allmikill hluti af tekjunum sje fastákveðinn með lögum. Þessi skoðun okkar er í samræmi við tillögur millipinganeíundarinnar í skattamálum, er skipuð var árið 1907. Sú nefnd samdi frumvarp til laga um sveitargjöld. Skyldi fátækraíund af fasteign og lausafje afnumin, en í stað hennar skyldi koma ýmsir skattar, er gæfi sveitarsjóðum þrefalt meiri fastar tekjur en tíundin, eða rúman þriðjung allra sveitarútsvara.

Ef þingið fjellist nú á afnám fátækraíundar, án þess nokkuð kæmi í staðinn, liti út fyrir, að það teldi rétt, að niðurjöfnunargjöld hreppsneíundanna yrði í framtíðinni einu tekjur sveitarsjóðanna eða því sem nær. En þá stefnu álitum við allvarhugaverða.

Af þessum ástæðum ráðum við háttvirtri deild frá að samþykkja frumvarpið nú, en leggjum til, að það verði afgreitt með svohljóðandi

Rökstuddri dagskrá:

Þar sem búast má við, að skattamál landsins verði tekin til rækilegrar athugunar á næsta Alþingi, og að breyting verði jafnframt gerð á sveitargjöldum í samræmi við aðrar breytingar á skattalöggjöfinni, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi 13. júlí 1914.

Eggert Pálsson,
formaður.

Jón Jónsson,
skrifari og framsögumaður.

Hjörtur Snorrason.

Þórarinn Benediktsson.

Álit minni hlutans.

Jeg hefi ekki getað orðið samferða hinum háttvirtu meðnefndarmönnum mínum í þessu máli.

Meiri hluti nefndarinnar telur rangt að afgreiða málið á þessu þingi, og skerða á þann hátt hinar föstu tekjur sveitarsjóðanna, heldur bíða þar til eins mikið, eða meira verður fengið í staðinn.

Jeg get ekki sjeð að þessar ástæður hafi við mikið að styðjast. Eins og öllum er ljóst, kemur þessi skattur óeðlilega og ranglátlega niður á gjaldendur, sem hefir leitt til þess, að margir samviskusamir og rjettsýnir menn hafa ekki beitt lögunum nema að forminu til, og það út af fyrir sig sýnir að þau eru úrelt og óviðeigandi, því að þau lög, sem heiðarlegir menn fást ekki til að framfylgja, eiga ekki og mega ekki vera til. Þar að auki hafa þessi gjöld í för með sjer mikla fyrirhöfn, sem kostar landsmenn mikinn tíma, og mikla vinnu.

Ef maður því lítur þannig rjettlátlega á málið, þá er ekki hægt að sjá, að þetta gjald hafi neinn rjett til að standa lengur í gildi, og að því beri að afnema það tafarlaust.

Ef það skyldi síðar reynast, að hægt yrði að útvega góðan og heppilegan tekjustofn handa sveitarsjóðunum, þá er það ekki nema gott og ágætt, en fyrir því er ekkert spilt þó þetta frumvarp sje samþykkt, en aftur á móti hætt við að slikt geti dregist.

Jeg verð því að ráða hinni háttvirtu deild til að fella dagskrána, en samþykkja frumvarpið.

Alþingi 13. júlí 1914.

Jóhann Eyjólfsson.